



Menntamálanefnd Alþingis  
Allsherjanefnd Alþingis

Reykjavík, 1. desember 2002

**Umsögn Kennaraháskóla Íslands um**  
**357. mál: Opinber stuðningur við vísindarannsóknir og**  
**336. mál: Vísinda- og tækniráð**

Kennaraháskóli Íslands hefur tekið til umræðu ofanefnd frumvörp og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Kennaraháskóli Íslands telur afar brýnt að styrkja stöðu hug- og félagsvísinda á Íslandi. Í flestum nágrannalöndum okkar er um þessar mundir lögð aukin áhersla á rannsóknir í menntamálu ekki síst í ljósi markmiða um aukna möguleika til náms, símenntun og endurmenntun. Þessa áhuga gætir lítið hér á landi enn sem komið er, þrátt fyrir að menn geri sér nú æ ljósara að ein dýrmætasta auðlind þjóðarinnar felst í því hvernig til tekst að byggja upp þekkingarsamfélag framtíðarinnar hér á landi. Þess má geta að unnið er að markáætlunum um menntarannsóknir í Bretlandi, Noregi og Finnlandi og hefur sérstök opinber nefnd um rannsóknir í menntamálu verið sett á laggirnar í Svíþjóð.

Kennaraháskóli Íslands hefur efasemdir um að sjónarmið þeirra sem stunda rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda eigi hljómgrunn í Vísinda- og tækniráði sem skipað er á þann hátt sem lýst er í 3. gr. frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð. Þar virðist aðaláherslan lögð á raungreinar, rannsóknir- og þróun í atvinnumálum og hefðbundna tækni ber þar hæst. Kennaraháskólinn telur brýnt að styrkja hlut hug- og félagsvísinda í ráðinu og leggur til að félagsmálaráðherra tilnefni einn fulltrúa í ráðið, og að menntamálaráðuneyti geti tilnefnt tvo fulltrúa. Fulltrúar þeirra verða þá álíka margir og fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Hugmynd þessari til stuðnings má benda á að fleiri Íslendingar sinna daglega störfum á sviði fræðslumála en á nokkru öðru atvinnusviði á Íslandi. Menntun og menning heyrar undir menntamálaráðherra. Einnig má benda á mikilvægi þess að viðhorf sveitarfélaganna sem reka alla leik- og grunnskóla landsins eigi aðgang að Vísinda- og tækniráði.

Kennaraháskólinn vekur athygli á að sú áhersla sem nú á tímum er lögð á þekkingarstjórnun krefst öflugra rannsókna - ekki síst á sviði menntamála. Rannsóknir á bæði formlegu og óformlegu námi gætu því verið verðugt viðfangsefni fyrir rannsakendur.

Virðingarfyllst

Ólafur Proppé  
rektor

Allyson Macdonald  
framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs

Stakkahlíð  
105 Reykjavík  
Sími: 563 3800  
Símbref: 563 3833  
www.khi.is